

Fundur í foreldrafélagi VMA þriðjudaginn 27. september 2011 kl 17, haldinn í fundaherbergi kennarastofu A-álmú.

Mættir voru frá VMA: Sigríður Huld skólameistari.

Frá foreldrafélagi VMA: Jóna Hjaltadóttir, Anna Guðný Egilsdóttir, Heiða Hrönn Theodórsdóttir, Thelma Baldursdóttir, Sigurlína H. Styrmisdóttir, Anna Bjarney Guðmundsdóttir, Laugheiður Gunnarsdóttir, Margrét Andrésdóttir, Jón Einar Jóhannsson, Helena Guðmundsdóttir, og Valgerður Bragadóttir.

Skólameistari setti fundinn og þakkaði foreldrum/forráðamönnum fyrir að mæta á fundinn.

Dagskrá:

1. Skipa í stjórn foreldrafélags.
2. Ákveða dagskrá vetrarins.
3. Önnur mál.

### 1. Stjórn foreldrafélags

Áslaug Magnúsdóttir sem hefur verið formaður foreldrafélagsins gaf áfram kost á sér til formennsku. Fundurinn samþykkti að Áslaug yrði áfram formaður. Áslaug gat ekki verið á þessum fundi en Valgerður Bragadóttir sem var í foreldrafélaginu líka á síðasta skólaári sagði aðeins frá starfinu í fyrra sem hefði mátt vera virkara. Valgerður gaf kost á því að starfa áfram í vetur með stjórn foreldrafélagsins ásamt Áslaugu, Sigurlínu Styrmisdóttur, Laugheiði Gunnarsdóttur og Margrétu Andrésdóttur. Skólameistari fagnaði því að fundarmenn gæfu kost á sér til þessara starfa í þágu annarra foreldra. Hlutverk stjórnar er fyrst og fremst að skapa farveg fyrir þau mál sem brenna á foreldrum hverju sinni. Skólameistari lagði áherslu á það að allir foreldrar/forráðamenn yrðu boðaðir á fundi, að stjórnin haldi fundagerð og hún sé sett inn á netið þannig að foreldrar/forráðamenn geti fylgst með því sem fer fram á fundunum.

### 2. Dagskrá vetrarins

Skólameistari sagði frá hefðbundnum verkefnum/fundum í foreldrafélagi t.d. heimsóknum forvarnateymis, félagsmálafulltrúa, kennara og fleiri starfsmanna VMA á foreldrafundi. Ákveðið að á næsta fundi yrðu félagsmálafulltrúar skólans ásamt nemendafélaginu boðað á fundinn til að fjalla um félagslífið í skólanum. Skólameistari ætlar að boða viðkomandi á fundinn.

Ákveðið að fundir yrðu síðasta þriðjudag í mánuði. Skólameistari boðar til fundanna.

### 3. Önnur mál

Skólameistari lagði til að stjórn félagsins myndi óska eftir því við SÍMEY eða Símenntun HA stæðu fyrir námskeiði fyrir foreldra þar sem fjallað yrði um kvíða unglunga og þau viðbrögð sem foreldrar gætu nýtt sér ef barn þeirra á við kvíðavandamál að stríða. Fundurinn tók vel í þessa hugmynd sem fer í nánari úrvinnslu hjá stjórninni. Einnig rætt að hafa samband við foreldrafélag MA með samstarf um svona námskeið.

Jón Einar óskaði eftir því að foreldrafélagið beitti sér fyrir því að nemendur yngri en 20 ára væru undir sömu gjaldskrá hjá Sundlaug Akureyrar eins og þeir sem eru 16 ára og yngri en þeir greiða 1000 kr fyrir árskortíð. Eldri en 16 ára greiða fullorðinsgjald. Ákveðið að ganga í það mál og virkja MA foreldrafélagið líka í þessu máli.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18.

Fundagerð ritaði Sigríður Huld